

Fundargerð samráðsfundar BÍS og SSR, mánudaginn 22. október 2012 kl. 17:00 í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

Efni: Hugsanleg yfirtaka BÍS á rekstri Úlfjótuvatns og kaup á hlut SSR í jörðinni.

Mættir: Arthur Pétursson, Hrönn Þormóðsdóttir og Ásgeir Ólafsson frá SSR.
Finnbogi Finnbogason og Hermann Sigurðsson frá BÍS

Dagskrá:

1. Setning: FF setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. FF og HS afhenda kauptilboð vegna yfirtöku á rekstri Úlfjótuvatns og kaup á hlut SSR í jörðinni. Er það byggt á niðurstöðu fundar SSR og BÍS 02.07.2012 þar sem samþykkt var að ef til tilboðsgerðar kæmi þá yrði tilboðið byggt á því mati sem var lagt fyrir á þeim fundi.

Kauptilboð BÍS til SSR er svohljóðandi;

Kauptilboð

Bandalag íslenskra skáta (BÍS), kt. 440169 2879 gerir Skátasambandi Reykjavíkur (SSR), kt. 580269 7029 svohljóðandi bindandi kauptilboð í land, hús og önnur mannvirki, ræktun, réttindi, rekstur, lausafé, tæki og búnað, sem og allt annað sem fylgir og fylgja ber að engu undanskildu, sem tengist og tilheyrir Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni (ÚSÚ), kt. 420278 0209, þ.m.t. eignarhlut SSR í félaginu sjálfu.

Fyrir allt framantalið skuldbindur tilboðsgjafi sig til að greiða kr. 53.500.000, skrifa: Fimmtú og þrjár milljónir og fimm hundruð þúsund krónur, sem greiðist þannig:

1. Útborgun, greidd með peningum við undirritun kaupsamnings	kr.	3.500.000
2. Yfirtaka eftirstöðvar áhvílandi láns SSR vegna jarðarþauka	ca. kr.	20.400.000
3. Jöfnun vegna þegar greiddrar afborgunar af láni skv. lið 2.		
a. Greitt með peningum við undirritun kaupsamnings	ca. kr.	4.600.000
4. Með yfirtöku á hlut SSR í langtímaláni ÚSÚ	ca. kr.	25.000.000
	Heildarverð	kr. 53.500.000

Afhending hins selda verði eftir nánara samkomulagi, en þó ekki síðar en 1. janúar n.k. Við afhendingu færast öll tilheyrandi réttindi yfir tilboðgjafa og að sama skapi verður tilboðshafi laus við allar skuldbindingar og kvaðir sem viðkoma hinu selda.

Lögskil skulu miðast við afhendingardag og fara fram við afsal, sem skal gefið út þann dag. Þá skulu öll opinber gjöld, svo sem fasteignagjöld og aðrir skattar, tryggingariðgjöld, reikningar fyrir orkukaup (vatn og rafmagn) og önnur gjöld gerð upp milli samningsaðila.

Um viðskipti samkvæmt þessu tilboði gilda eftirtalin lög, nema umsamin sérákvæði taki annað fram, enda sé ekki fyrirstaða í viðkomandi lögum gegn þeim frávikum. L. 40/2002 um fasteignkaup, l. 50/2000 um lausafjárkaup, l. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Tilboð þetta stendur til kl. 12 á hádegi þann 30. október 2012 og telst löglega samþykkt með áritun þar um, eða á annan sannanlegan hátt, fyrir tilgreindan tíma.

Öllu framanrituðu til staðfestu er tilboð þetta undirritað í votta viðurvist.

Reykjavík, 22. október 2012,
F.h. Bandalags íslenskra skáta í umboði stjórnar:

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði.
